

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 – 2001

19. febrúar 2001

257

Nr. 136

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 373, 5. júní 2000,
um loðnuveiðar íslenskra skipa.**

1. gr.

Í stað: „417.750 lestir“ í 2. mgr. 2. gr. komi: 818.626 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. febrúar 2001.

F. h. r.

Porsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.

19. febrúar 2001

Nr. 137

GJALDSKRÁ

**Hollustuverndar ríkisins vegna eftirlits og vinnslu
starfsleyfa á sviði mengunarvarna.**

1. gr.

Tímagjald.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjald sem nemur 5.000 kr./klst. fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

2. gr.

Gjöld fyrir mengunarvarnaeftirlit með starfsleyfisskyldri starfsemi.

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjald af fyrirtækjum sem stofnunin hefur eftirlit með samkvæmt 12. og 13. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og er í atvinnurekstri sem talinn er upp í fylgiskjali nr. 1 og viðauka I með reglugerðinni, að undanskildum atvinnurekstri samkvæmt liðum 6.4, 6.5 og 6.6 viðaukans.